

Samþykktir Lýðskólans á Flateyri

1.gr.

Félagið heitir Lýðskólinn á Flateyri.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er á Flateyri.

3. gr.

Tilgangur Lýðskólans á Flateyri er að reka lýðskóla á Flateyri.

4. gr.

Stofnfélagar eru þeir sem skrá sig sem stofnfélaga fram að 1. maí 2017.

Félagið er opið öllum sem óska eftir félagsaðild og styðja tilgang þess. Gildir það bæði um einstaklinga og lögaðila.

Stofnfélagar og þeir sem óska félagsaðildar teljast félagsmenn. Allir félagsmenn hafa sömu réttindi og bera sömu skyldur.

5. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

6. gr.

Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins innan þeirra marka sem landslög og samþykktir félagsins ákveða.

Stjórn félagsins boðar til félagsfunda og getur ákveðið hvar þeir skuli haldnir.

Til félagsfunda skal boða með tilkynningu á heimasíðu félagsins og með opinberri auglýsingu með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfundur skal ætíð boða á sama hátt með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 28. febrúar ár hvert. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning stjórnar
6. Önnur mál

7. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 3 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

8. gr.

Ekki eru innheimt félagsgjöld og skal félagið leita frjálsra framlaga og styrkja fyrir útgjöldum sínum ásamt því að stofna Hollvinasamtök.

9. gr.

Félagið ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri félagsins fer með daglegan rekstur félagsins og prókúru félagsins. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri koma fram fyrir hönd félagsins.

10. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal samþykkja á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til uppbyggingar á Flateyri samkvæmt ákvörðun fundarins.

Samþykktir þessar voru samþykktar á félagsfundi félagsins 19. September 2020, með breytingum á stofnsamþykktum frá 11. febrúar 2017.